



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á hátíðarsamkomu með Hornfirðingum
í tilefni opinberrar heimsóknar
til Hornafjarðar**

12. mars 2025

Ágæti bæjarstjóri og fulltrúar bæjarstjórnar,
kæru Hornfirðingar og aðrir gestir.

Við hjónin erum hingað komin í okkar fyrstu opinberu heimsókn innanlands síðan ég tók við embætti forseta. Ferðin hefur staðið lengi til og vorum við því full tilhlökkunar að koma til Hornafjarðar. Fyrir hönd okkar Björns þakka ég innilega fyrir höfðinglegar móttökur, gleði og góðvild sem hefur mætt okkur á hverju götuhorni hér á Höfn. Það er bersýnilegt að hér er samfélag sem iðar af lífi og sköpunarkrafti. Þar sem horft er til framtíðar með hæfilegri blöndu af kappsemi og raunsæi.

Okkur hefur komið ánægjulega á óvart að sjá hversu mikil uppbygging er hér í bænum. Nánast hvar sem við förum eru ummerki vaxtar og umbóta, hvort sem um ræðir kaup á nýjum tækjabúnaði hjá björgunarsveitinni, endurnýjaða menningarmiðstöð í Sindrabæ, nýjan frystiklefa við höfnina eða nýjan leikskóla svo ekki sé minnst á glæsilegt dvalarheimili þar sem elsta kynslóð Hornfirðinga fær að lifa sitt ævikvöld með sæmd eftir að hafa skilað ærnu verki.

Á morgun fáum við svo tækifæri til að kynna okkur nýjustu samgöngubótina hér um slóðir þegar við ökum nýja vegakaflann sem stytta mun Hringveginn um tólf kílómetra. Byggðasaga Hornafjarðar er nátengd sögu samgöngubóta á Íslandi, bæði hafnargerð við krefjandi aðstæður en ekki síður brúargerð yfir jökulfljótin miklu. Vert er að minnast á 50 ára afmæli Hringvegarins, sem fagnað var við Skeiðarárbrú síðasta haust, enda merkur áfangi í sögu ykkar Hornfirðinga og þjóðarinnar allrar.

Ekki veitir af að styrkja hér áfram vegakerfið, slíkur er straumur ferðamanna til að berja augum dýrðina í Ríki Vatnajökuls, bakgarði ykkar Hornfirðinga. Mér skilst að hvern einasta dag sofi hér fleiri ferðamenn á hótélum og gistiheimilum heldur en allir íbúar sveitarfélagsins. Óhjákvæmilega reynir slíkur gestagangur á innviði samfélagsins, en við hjónin höfum fengið að sannreyna einstaka gestrisni ykkar og vonum að sambúðin við hina erlendu gesti verði áfram öllum til hagsbóta. Þið búið líka að talsverðum menningarauði með ríflega fjórðung íbúa af erlendum uppruna. Ánægjulegt er að sjá hve vel er hugað að því að raddir þeirra heyrist svo að samfélagið fái notið til fulls krafta þeirra sem hingað flytja.

Við Björn hlökkum til að halda för okkar áfram á morgun um Suðursveit og í Öräfi. Fá þar að kynnst mannlífinu til sveita og náttúrunni í ykkar víðfeðma sveitarfélagi. Náttúran er reyndar ekki langt undan hér í þéttbýlinu á Höfn. Brimið þagnar aldrei handan varnargarðanna, stöðug áminning um hafið sem hefur reynst ykkur Hornfirðingum svo gjöfult en líka viðsjárvert. Og jöklasýnin er einstök, eða ætli það séu margir bæir á heimsvísu sem státa af golfvelli með útsýni til sex skriðjökla?

„Menn þurfa mikla birtu, vilji þeir hugsa skýrt“. Þannig kemst húsmóðirin Auður í Öräfum að orði í bókinni Karitas án titils eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur – en sú bók er í miklu uppáhaldi hjá mér. Í lokahluta bókarinnar fer Karitas í gegnum djúpan dal en finnur innri styrk á meðan hún dvelur í faðmi fjallanna í Örefasveit. Sjálfri sér og öðrum að óvörum tekst henni að klífa Hvannadalshnjúk og það er þar, á hæsta tindi Íslands, sem hún öðlast loksins næga trú á sjálfri sér til að halda út í heim og sinna köllun sinni sem myndlistarkona. Í seinni tíð er orðið mun algengara að göngugarpar takist á við tindinn og sjálfa sig um leið. Búnaðurinn er orðinn betri en áður tíðkaðist en sigurvíman er engu minni fyrir öll þau sem tekst að ná markmiði sínu eftir ærið erfiði.

„Menn þurfa mikla birtu, vilji þeir hugsa skýrt,“ sagði fóstura Karitasar og horfði til jökulsins kvöldið áður en þær lögðu á tindinn. Kannski er það einmitt þessi einstaka jökulbirta og sambúðin við náttúruna sem fær ykkur Hornfirðinga til að hugsa skýrar til framtíðar en okkur Íslendingum er gjarnan tamt að gera. Sú framtíðarsýn birtist meðal annars í áherslunni á nýsköpun og frumkvöðlastarf, í samráðinu við íbúa um mótun heildarstefnu sveitarfélagsins, (*Hornafjörður, náttúrulega!*) og þá ekki síður í þróunarverkefninu HeimaHöfn sem okkur var kynnt í dag.

HeimaHöfn miðar að því að styrkja samkeppnishæfni og aðdráttarafl Hornafjarðar sem búsetukosts með því að upplýsa ungt fólk um fjölbreytt tækifæri til menntunar og atvinnu á svæðinu en ekki síður með því að halda

tengslum við þau ungmenni sem velja að mennta sig annars staðar og gefa þeim tækifæri á því að snúa aftur heim með nýja þekkingu í farteskinu.

Kæru Hornfirðingar. Við Björn hlökkum til að fylgjast með Hornafirði vaxa áfram og dafna til framtíðar. Hér eru allar forsendur til staðar til að skapa blómlegt samfélag með fjölbreyttu mannlífi í sátt við náttúruna. En um leið og við horfum björtum augum fram á veg er líka rétt að líta aðeins um öxl og minnst þeirra sem á undan okkur fóru. Ég er ekki fyrsti forsetinn til að heimsækja Höfn í Hornafirði. Forverar mínir komu hingað líka í opinberar heimsóknir og fengu ekki síður góðar móttökur. Sú hefð hefur myndast hjá forsetaembættinu við opinberar heimsóknir að færa gestgjöfunum gjöf þar sem skyggst er aftur í tímann.

Sumarið 1958 kom Ásgeir Ásgeirsson forseti í opinbera heimsókn í Austur-Skaftafellssýslu ásamt eiginkonu sinni Dóru Þórhallsdóttur. Það er gaman að rýna í ljósmyndir sem teknar voru í þeirri heimsókn og sjá hve staðhættir hafa gjörbreyst. Eitt hefur þó ekki breyst og það eru hlýjar móttökur ykkar Hornfirðinga. Um leið og ég ítreka þakki okkar Björns fyrir gestrisnina vil ég bjóða Sigurjóni Andréssyni bæjarstjóra að koma hér upp og taka á móti þessari þakkargjöf.